

AUGLÝSING

um breytingu á kröfum til viðhaldsstöðva sem viðurkenndar eru til viðhalds loftfara og íhluta þeirra.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið samkvæmt 33. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34, 21. maí 1964, að kröfur sem gerðar eru til viðhaldsstöðva sem viðurkenndar eru til viðhalds loftfara og íhluta þeirra skuli vera í samræmi við sameiginlegar kröfur JAA-ríkjanna, JAR-145 Approved Maintenance Organisations, sem gefnar voru út 30. júlí 1991 með áorðnum breytingum.

Kröfur JAA-ríkjanna í íslenskri þýðingu eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Með brot á umræddum kröfum skal farið að hætti opinberra mála og varða þau refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Auglýsing þessi tekur gildi 1. september 1994 og jafnframt falla úr gildi fyrri auglýsingar um sama efni nr. 375/1992, nr. 506/1993 og nr. 232/1994.

Samgönguráðuneytið, 23. ágúst 1994.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

Fylgiskjal:

Kröfur til viðurkenndra viðhaldsstöðva, JAR-145.

JAR 145.1 Almenn

- (a) Loftfar, sem notað er til flutningaflugs, má því aðeins fljúga að viðhaldsstöð hafi gefið út vottorð um að viðhald hafi farið fram á loftfarinu eða hverjum þeim hlut sem ætlunin er að setja í það.
- (b) Viðhaldsstöð er óheimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfar, sem er notað til flutningaflugs, nema hún sé annaðhvort viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða samþykkt í samræmi við JAR 145.10 (d) eða JAR 145.10 (f). Viðhaldsstöð er óheimilt að annast viðhald slíks loftfars nema hún sé viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða starfi undir gæðaeftirliti viðhaldsstöðvar sem er tilhlýðilega viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða sé samþykkt í samræmi við JAR 145.10 (d) eða JAR 145.10 (f).
Aths.: Ekki er krafist viðurkenningar samkvæmt þessum kröfum til fyrirflugs-skóðunar.
- (c) Viðhaldsstöð er óheimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir íhluti sem ætlunin er að setja í loftfar, sem er notað til flutningaflugs, nema hún sé annaðhvort viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða samþykkt í samræmi við JAR 145.10 (d) eða JAR 145.10 (f). Viðhaldsstöð er óheimilt að annast viðhald slíkra íhluta nema hún sé

viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða starfi undir gæðaeftirliti viðhaldsstöðvar sem er tilhlýðilega viðurkennd samkvæmt þessum kröfum, JAR-145, eða sé samþykkt í samræmi við JAR 145.10 (d) eða JAR 145.10 (f).

- (d) Veita má viðhaldstöð viðurkenningu til að annast viðhald allt frá íhlutum til heilla loftfara.

JAR 145.3 Gildistaka

- (a) Þessar kröfur, JAR-145, voru fyrst gefnar út 30. júlí 1991 og tóku gildi hér á landi 1. nóvember 1992 að undanskilinni grein JAR 145.1 sem öðlast gildi samkvæmt eftirfarandi áætlun:
- (1) Viðhaldsstöðvar í heimastöðvum, sem annast viðhald og gefa út viðhaldsvottorð fyrir flugvélar/loftskip með skráðan hámarksmassa yfir 5700 kg, verða að fullnægja ákvæðum JAR 145.1 í síðasta lagi 30. júní 1994.
 - (2) Viðhaldsstöðvar í línustöðvum, sem annast viðhald og gefa út viðhaldsvottorð fyrir flugvélar/loftskip með skráðan hámarksmassa yfir 5700 kg, verða að fullnægja ákvæðum JAR 145.1 í síðasta lagi 30. september 1994.
 - (3) Viðhaldsstöðvar, sem annast viðhald og gefa út viðhaldsvottorð fyrir hreyfla, verða að fullnægja ákvæðum JAR 145.1 í síðasta lagi 30. september 1994.
 - (4) Viðhaldsstöðvar, sem annast viðhald og gefa út viðhaldsvottorð fyrir flugvélar/loftskip með skráðan hámarksmassa 5700 kg eða minna og/eða fyrir þyrlur með hvaða massa sem er, verða að fullnægja ákvæðum JAR 145.1 í síðasta lagi 31. desember 1994.
 - (5) Viðhaldsstöðvar, sem annast viðhald og gefa út viðhaldsvottorð fyrir íhluti loftfara (aðra en fullbúna hreyfla), aukastöðvar og sérhæfða viðhaldsþjónustu, verða að fullnægja ákvæðum JAR 145.1 í síðasta lagi 31. desember 1994.
- (b) Flugmálastjórn getur veitt viðurkenningu samkvæmt kröfum þessum fyrir þann tíma sem tilgreindur er í málsgrein (a).
- (c) Heimilt er að veita viðhald hverju því loftfari eða íhlut loftfars, sem viðhalda skal í samræmi við áætlunina í málsgrein (a), fram til þess tíma er þar kveður á um, annaðhvort í viðhaldsstöð, sem er viðurkennd eða samþykkt samkvæmt þessum kröfum, eða samkvæmt lögum, sem gilda þar um í hlutaðeigandi ríki þar til áætlunin í málsgrein (a) tekur gildi, eða samkvæmt þessu hvorutveggja.

JAR 145.5 Skilgreiningar

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í kröfum þessum hafa þau merkingu þá sem hér greinir:

Ábyrgur framkvæmdastjóri (Accountable manager) merkir þann framkvæmdastjóra sem hefur vald innan fyrirtækis til að tryggja að unnt sé að fjármagna allt viðhald sem flugrekandi þarfnast og að það geti farið fram í samræmi við þá staðla sem flugmálafyrirvöld ætlast til. Ábyrgum framkvæmdastjóra er heimilt að fela starf sitt skriflega öðrum starfsmanni og verður sá einstaklingur þá ábyrgur framkvæmdastjóri að því er varðar þessar kröfur.

Breyting (Modification) merkir að loftfari eða íhlut loftfars sé breytt í samræmi við viðurkenndan staðal.

Flugmálafyrirvöld (The Authorities) merkja á Íslandi Flugmálastjórn/loftferðaeftirlit og samsvarandi yfirvöld í öðrum JAA-ríkjum.

Flutningaflug (Commercial Air Transport) merkir flutninga flugleiðis á farþegum/vörum/pósti gegn gjaldi.

Fyrirflugsskoðun (Pre-flight inspection) merkir skoðun sem framkvæmd er fyrir flug til að tryggja að loftfarið sé í hæfu ástandi fyrir fyrirhugað flug. Hún felur ekki í sér lagfæringu galla.

Grannskoðun (Overhaul) merkir endurnýjun loftfars/íhlutar loftfars með skoðun og endurnýjun í samræmi við viðurkenndan staðal til þess að lengja endingartíma þess/hans.

Íhlutur (Component) er stakur hlutur sem myndar nauðsynlegan hluta einhverrar heildar eða samstæðu, s.s. rafkerfis, hreyfils o.s.frv.

Íhlutur loftfars (Aircraft component) merkir sérhvern íhlut sem er hluti loftfars, þar á meðal fullbúna hreyfla og/eða sérhvert rekstrartæki og/eða neyðarbúnað.

JAA (Joint Aviation Authorities) er skammstöfun fyrir samtök loftferðaeftirlita tilgreindra Evrópuríkja, svokallaðra JAA-ríkja, á íslensku nefnd: Samtök loftferðaeftirlita í Evrópu.

JAA-ríkin (JAA-countries) eru þessi: Austurríki, Belgía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía, Kýpur, Luxembourg, Malta, Mónakó, Noregur, Portúgal, Pólland, Slóvenía, Spánn, Stóra-Bretland, Sviss, Svíþjóð og Þýskaland.

JAR (Joint Aviation Requirements) er skammstöfun fyrir sameiginlegar kröfur JAA-ríkjanna.

Línustöð (Line station) merkir sérhvern stað á áætlunarleið flugrekanda þar sem viðhald á loftfari er framkvæmt í einhverri mynd.

Loftfar (Aircraft) merkir flugvél, þyrlu eða loftskip.

Loft hæfigögn (Airworthiness data) merkir hverjar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja að unnt sé að viðhalda loftfari eða íhlut loftfars í þannig ástandi að lofthæfi loftfarsins sé tryggð eða rekstrartæki og neyðarbúnaður séu nothæf, eftir því sem við á.

Skoðun (Inspection) merkir athugun á loftfari/íhlut loftfars til að komast að raun um að viðurkenndum staðli hafi verið fullnægt.

Viðgerð (Repair) merkir lagfæringu loftfars/íhlut loftfars til að koma því/honum í nothæft ástand í samræmi við viðurkenndan staðal.

Viðhald (Maintenance) merkir hvert um sig eða einhverja samsetningu af grannskoðun, viðgerð, skoðun, endurnýjun, breytingu eða lagfæringu á galla á loftfari/íhlut loftfars.

Viðhaldsstöð (Organisation) merkir viðhaldsstöð sem skráð er sem lögaðili. Slík viðhaldsstöð getur stundað starfsemi í fleiri en einu aðsetri og getur haft fleiri en eina viðurkenningu samkvæmt JAR-145.

Viðhaldsvottar (Certifying staff) merkir það starfsfólk sem hefur heimild viðurkenndrar viðhaldsstöðvar til að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftför eða íhluti loftfara í samræmi við starfsreglur sem flugmálayfirvöld fallast á.

Viðurkennd viðhaldsstöð (Approved Maintenance Organisation) merkir viðhaldsstöð sem hefur fengið viðurkenningu flugmálayfirvalda í samræmi við kröfur þessar.

Viðurkenndur staðall (Approved standard) merkir staðal framleiðslu/hönnunar/viðhalds/gæða, sem flugmálayfirvöld hafa samþykkt.

JAR 145.10 Gildissvið

- (a) Þessar kröfur kveða á um skilyrði fyrir útgáfu viðurkenninga til viðhaldsstöðva til að annast viðhald loftfara og íhluta þeirra og kveða á um almennar rekstrarreglur fyrir viðurkenndar viðhaldsstöðvar. Þegar viðurkenning hefur verið veitt nær hún til allrar viðhaldsstöðvarinnar sem ábyrgur framkvæmdastjóri veitir forstöðu.

- (b) Viðhaldsstöðvum innan landamæra þeirra ríkja sem aðild eiga að JAA má veita viðurkenningu þegar þær fullnægja ákvæðum krafna þessara.
- (c) Viðhaldsstöðvum utan landamæra þeirra ríkja sem tilgreind eru í málsgrein (b) má einungis veita viðurkenningu ef flugmálayfirvöld eru þess fullviss að þörf sé á slíkri viðurkenningu til að viðhalda loftförum/íhlutum loftfara og hlutaðeigandi viðhaldsstöðvar fullnægi ákvæðum krafna þessara.
- (d) Viðhaldsstöðvar utan landamæra þeirra ríkja sem tilgreind eru í málsgrein (b) verða samþykktar þegar þær starfa í samræmi við ákvæði milliríkjasamnings um viðhald milli flugmálayfirvalda JAA-ríkis og flugmálayfirvalda hlutaðeigandi ríkis, sem ekki er eitt JAA-ríkjanna, enda tryggi samningurinn öryggisstaðal sambærilegan við JAR-145 og er samþykktur af aðildarríkjum JAA.
- (e) Samþykki aðildarríkja JAA fyrir sérhverjum milliríkjasamningi um viðhald er háð því að samningurinn sé í samræmi við þau ákvæði og skilyrði sem tilgreind eru í „Joint Aviation Authorities Administrative and Guidance Material, Section Two - Maintenance, Part Two - Procedures“, þannig að öryggisstaðall sambærilegur við JAR-145 sé tryggður.
- (f) Þrátt fyrir ákvæði málsgreinar (d) geta flugmálayfirvöld sérhvers JAA-ríkis samþykkt viðhaldsstöð utan þess svæðis sem um getur í málsgrein (b) áður en milliríkjasamningurinn um viðhald hefur verið samþykktur í samræmi við málsgrein (d), að því tilskildu að fullnægt sé öllum öðrum ákvæðum málsgreinar (d) sem og sérhverjum öðrum takmörkunum sem hlutaðeigandi flugmálayfirvöld kunna að setja.

JAR 145.15 Umsóknir og útgáfa

- (a) Umsókn um viðurkenningu á viðhaldsstöð eða um breytingu á áður útgefinni viðurkenningu viðhaldsstöðvar ber að fylla út á þar til gerð eyðublöð og á þann hátt sem flugmálayfirvöld mæla fyrir um. Umsóknina skal afhenda ásamt tilskildum fjölda afrita af starfsemislýsingu viðkomandi viðhaldsstöðvar eða áorðnum breytingum á henni.
- (b) Umsækjandi, sem uppfyllir kröfur þessar og hefur greitt þau gjöld sem flugmálayfirvöld mæla fyrir um, á rétt á að öðlast viðurkenningu sem viðhaldsstöð samkvæmt þessum kröfum.

JAR 145.20 Gildismörk viðurkenningar

Flugmálayfirvöld staðfesta viðurkenningu með útgáfu viðurkenningarskírteinis til handa stöðinni. Viðurkenningarskírteinið tilgreinir umfang viðurkenningarinnar. Starfsemislýsing viðurkenndrar viðhaldsstöðvar samkvæmt kröfum þessum skal tilgreina það verksvið sem viðurkenningin gildir um.

JAR 145.25 Kröfur um aðstöðu

- (a) Aðstaða við hæfi skal vera fyrir hendi fyrir alla áætlaða vinnu, og skal hún sérstaklega tryggja vörn gegn veðri og vindum. Sérhæfð verkstæði og vinnubásar skulu vera tilhlýðilega aðskilin til þess að tryggja að líkur á mengun umhverfis og vinnustaða verði óverulegar.
- (b) Skrifstofuhúsnæði við hæfi skal vera fyrir hendi fyrir stjórnun á vinnu þeirri sem getið er um í málsgrein (a), þar á meðal sérstaklega fyrir gæðastjórnun, áætlanagerð og tæknibókhald.

- (c) Vinnuumhverfi skal sniðið að þeim verkefnum sem unnin eru og sér í lagi þeim sérstöku kröfum sem farið er eftir. Vinnuumhverfið skal vera þannig úr garði gert að það hamli ekki afköstum starfsfólks nema vinnuumhverfi viðkomandi verkefnis útheimti það sérstaklega.
- (d) Geymsluhúsnæði skal vera fyrir hendi undir hluti, tæki, verkfæri og efni. Geymsluskilyrði skulu vera með þeim hætti að nothæfir hlutir séu í öruggri geymslu, nothæfir og ónothæfir hlutir séu aðskildir og komið sé í veg fyrir rýrnun og skemmdir á hlutum í geymslu.

JAR 145.30 Kröfur til starfsfólks

- (a) Tilnefna skal yfirmann eða hóp manna, sem flugmálayfirvöld samþykkja, og skal hann/þeir sjá svo um, auk annarra verkefna, að viðurkennd viðhaldsstöð samkvæmt kröfum þessum uppfylli þær. Er hann/þeir ábyrgur gagnvart ábyrgum framkvæmdastjóra sem skal vera samþykktur af flugmálayfirvöldum.
- (b) Viðurkennd viðhaldsstöð verður að hafa í vinnu nægilegan fjölda starfsfólks til að gera áætlanir, framkvæma, hafa umsjón og eftirlit með starfseminni sem skilgreind er í viðurkenningunni.
- (c) Staðfesta verður hæfni þess starfsfólks sem vinnur við viðhald í samræmi við starfsreglur og staðla sem flugmálayfirvöld fallast á.
- (d) Auk þess sem kveður á um í málsgrein (c) verða viðhaldsvottar að uppfylla þær hæfnikröfur sem tilgreindar eru í E-kafla JAR 65 krafna og fá grunn- og framhaldsbjálfun í samræmi við áætlun sem flugmálayfirvöld fallast á. Þar til E-kafla JAR 65 krafna verður formlega samþykktur, skulu viðhaldsvottar, að því er varðar efni þessarar málsgreinar, uppfylla gildandi reglugerðir um skírteini í því JAA-ríki sem viðkomandi viðhaldsstöð er í.

JAR 145.35 Skrá yfir viðhaldsvotta

- (a) Viðurkennd viðhaldsstöð skal halda skrá um alla starfandi viðhaldsvotta og skal hún hafa að geyma nákvæma lýsingu á umfangi heimilda þeirra.
- (b) Viðhaldsvottar skulu fá í hendur vitnisburð um umfang heimilda sinna.

JAR 145.40 Tæki, verkfæri og efni

- (a) Viðurkennd viðhaldsstöð skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum tækjum, verkfærum og efnum til að framkvæma þau verk sem viðurkenningin nær til.
- (b) Þar sem nauðsyn krefur skal hafa eftirlit með verkfærum, tækjum og sér í lagi prófunartækjum og stilla kvarða þeirra í samræmi við staðla, sem flugmálayfirvöld samþykkja, svo oft sem þurfa þykir til að tryggja nothæfi þeirra og nákvæmni. Viðurkennd viðhaldsstöð skal halda skrár yfir slíkar kvarðastillingar og þá staðla sem notaðir eru.

JAR 145.45 Lofthæfigögn

- (a) Viðurkennd viðhaldsstöð skal hafa yfir að ráða öllum nauðsynlegum lofthæfigögnum sem kröfur JAA kveða á um, og á þar við gögn frá flugmálayfirvöldum, hönnunaraðila loftfars/íhlutar loftfars og sérhverjum öðrum viðurkenndum hönnunaraðila, eftir því sem við á, til að styðjast við í þeim verkum sem unnin eru.

Aths: Flugmálayfirvöld geta gert það að skyldu að farið skuli eftir gögnum frá annarri flugmálastjórn eða stofnun og getur krafist þess að viðurkennd viðhaldsstöð hafi slík gögn undir höndum.

- (b) Í þeim tilvikum þar sem viðurkennd viðhaldsstöð útbýr sín eigin lofthæfigögn til viðbótar þeim sem tilgreind eru í málsgrein (a), verður hún að útbúa slík lofthæfigögn í samræmi við starfsreglur sem flugmálayfirvöld fallast á.
- (c) Lofthæfigögnum skal stöðugt haldið í gildi og skulu þau vera aðgengileg öllum starfsmönnum sem þurfa á þeim að halda til að vinna störf sín.

JAR 145.50 Útgáfa viðhaldsvottorða

- (a) Viðhaldsvottar með viðeigandi heimildir gefa út viðhaldsvottorð þegar þeir hafa fullvissað sig um að allt viðhald loftfars eða íhlutar loftfars, sem krafist er, hafi verið rétt framkvæmt af viðhaldsstöðinni í samræmi við starfsreglur sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu hennar samkvæmt grein JAR 145.70 í kröfum þessum.

Aths: Krafist er viðhaldsvottorðs fyrir íhlut loftfars þegar lokið er viðhaldsvinnu á honum utan loftfars og annars viðhaldsvottorðs sem vottar um rétta ísetningu hans í loftfarið þegar sú ísetning fer fram.

- (b) Viðhaldsvottorð verður að tilgreina aðalatriði þess viðhalds sem fram hefur farið, dagsetningu þegar viðhaldi lauk og heiti hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar, tilvísun í viðurkenningarskírteini hennar svo og nöfn viðhaldsvotta sem gefa vottorðið út.
- (c) Viðhaldsvottorð fyrir íhluti loftfara, sem gefin eru út fyrir þær dagsetningar sem tilgreindar eru í málsgrein JAR 145.3 (a) (3) eða (5), eftir því sem við á, hjá viðhaldsstöðvum sem ekki hafa hlotið viðurkenningu samkvæmt þessum kröfum, verða í gildi til 1. janúar 1997. Viðhaldsstöð loftfarsins, sem viðurkennd er samkvæmt þessum kröfum, verður þó að fullvissa sig um að leyfilegt sé að setja þennan tiltekna íhlut í loftfarið þegar aðrir staðlar um breytingar og/eða lofthæfifyrirmæli geta átt við.

JAR 145.55 Viðhaldsskrár

- (a) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að skrá allar upplýsingar um þau verk, sem framkvæmd hafa verið, á þann hátt sem flugmálayfirvöld samþykkja.
- (b) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að láta flugrekandanum í té afrit af sérhverju viðhaldsvottorði ásamt afriti af öllum lofthæfigögnum sem notuð hafa verið í tengslum við þær viðgerðir/ breytingar sem fram hafa farið.
- (c) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að halda eftir afriti af öllum sundurliðuðum viðhaldsskýrslum og sérhverjum viðeigandi lofthæfigögnum í tvö ár frá þeim degi er hún gaf út vottorð um loftfar eða íhlut loftfars sem unnið var við hjá umræddri viðhaldsstöð.

Aths: Þegar flugrekandi gerir samning um að viðurkennd viðhaldsstöð geymi viðhaldsvottorð flugrekandans ásamt tilheyrandi lofthæfigögnum, skal geymslutíminn vera eins og kveður á um í 7. kafla JAR-OPS krafanna en ekki eins og tilgreint er í JAR 145.55 (c) í kröfum þessum. Þar til JAR-OPS kröfurnar verða formlega samþykktar verður sérhver viðurkennd viðhaldsstöð að fara eftir gildandi reglugerðum þess JAA-ríkis sem viðkomandi stöð er í.

JAR 145.60 Tilkynningar um ólofthæft ásigkomulag

- (a) Viðurkenndri viðhaldsstöð er skylt að tilkynna flugmálayfirvöldum og hönnunaraðila loftfars sérhverft það atriði, er hún verður áskynja og varðar ásigkomulag loftfarsins eða íhlutar loftfars, er gæti stofnað loftfarinu í alvarlega hættu.
- (b) Tilkynningar skal skrá á þar til gerð eyðublöð og á þann hátt sem flugmálayfirvöld segja til um og skulu þær hafa að geyma allar upplýsingar sem máli skipta um ásigkomulagið er hin viðurkennda viðhaldsstöð hefur öðlast vitneskju um.
- (c) Þegar viðurkennd viðhaldsstöð hefur gert samning um að annast viðhald fyrir flugrekanda er starfar í samræmi við JAR-OPS kröfurnar, ber henni einnig að tilkynna flugrekandanum sérhver þau atriði varðandi ásigkomulagið er áhrif hafa á loftfar hans eða íhlut þess.
- (d) Tilkynningum ber að skila svo fljótt sem auðið er, en eigi síðar en þremur dögum eftir að viðurkennd viðhaldsstöð verður vör við það ásigkomulag sem tilkynningin fjallar um.

JAR 145.65 Viðhaldsreglur og gæðaeftirlit

- (a) Viðurkenndri viðhaldsstöð ber að koma á viðhaldsreglum, sem flugmálayfirvöld fallast á, til að tryggja góða starfshætti í viðhaldi og að stöðin uppfylli allar viðeigandi kröfur samkvæmt kröfum þessum, þannig að unnt verði að gefa út viðhaldsvottorð um loftför og íhluti loftfara í samræmi við grein JAR 145.50.
- (b) Ennfremur skal viðurkennd viðhaldsstöð koma á óháðu gæðaeftirliti til að fylgjast með því að farið sé að viðhaldsreglum og að þær séu fullnægjandi til að tryggja góða starfshætti í viðhaldi og lofthæfi loftfara og íhluta þeirra. Í eftirliti með framkvæmd viðhaldsreglna verður að vera fólgið endurvirkt kerfi er skilar sér til þess einstaklings eða hóps sem tilgreindir eru í grein JAR 145.30 (a) og á lokastigi til ábyrgs framkvæmdastjóra, þannig að tryggt sé að leiðréttingar verði framkvæmdar eftir því sem nauðsyn krefur. Flugmálayfirvöld skulu vera samþykkt þess háttar skilakerfi.

JAR 145.70 Starfsemislýsing fyrir viðhaldsstöð

- (a) Viðurkenndri viðhaldsstöð ber að leggja fram starfsemislýsingu fyrir viðhaldsstöðina til afnota fyrir stöðina og skal hún hafa að geyma eftirfarandi upplýsingar:
 - (1) Yfirlýsingu undirritaða af ábyrgum framkvæmdastjóra þar sem staðfest er að starfsemislýsing fyrir viðhaldsstöðina og allar handbækur, er henni tengjast, skilgreini hvernig hin viðurkennda viðhaldsstöð framfylgir kröfum þessum og muni gera framvegis.
 - (2) Starfsheiti og nafn (nöfn) yfirmanns (yfirmanna) sem flugmálayfirvöld samþykkja í samræmi við grein JAR 145.30 (a).
 - (3) Skyldur og ábyrgð þess yfirmanns (yfirmanna) sem málsgrein (2) kveður á um, þar með talin málefni sem þeim er heimilt að fara með beint til flugmálayfirvalda fyrir hönd viðhaldsstöðvarinnar.
 - (4) Skipurit sem sýnir tengsl ábyrgðarsviða er heyra undir yfirmann (yfirmenn) sem um getur í málsgrein (2).
 - (5) Skrá yfir viðhaldsvotta.
 - (6) Almenna lýsingu á þeim mannafla sem tiltækur er.
 - (7) Almenna lýsingu á þeirri aðstöðu sem er fyrir hendi á sérhverjum stað sem tilgreindur er með heimilisfangi í viðurkenningarskrifteini viðhaldsstöðvarinnar.

- (8) Ítarlega útlísta á verksviði hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar sem viðurkenningin nær til.
- (9) Reglur um tilkynningar breytinga á viðurkenndri viðhaldsstöð samkvæmt grein JAR 145.85.
- (10) Reglur um breytingar á starfsemislýsingu viðhaldsstöðvarinnar.
Aths: Málsgreinar (1) til (10) taka til stjórnunarpáttar starfsemislýsingar viðhaldsstöðvarinnar.
- (11) Starfsreglur og gæðaeftirlitskerfi hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar í samræmi við kröfur eftirtalinna greina:
JAR 145.25, JAR 145.30, JAR 145.35, JAR 145.40, JAR 145.45, JAR 145.50, JAR 145.55, JAR 145.60, JAR 145.65, JAR 145.70, JAR 145.75 og JAR 145.80.
- (12) Skrá yfir þá flugrekendur sem starfa í samræmi við JAR-OPS kröfurnar og viðhaldsstöðin sér um viðhald fyrir, ef við á.
- (13) Skrá um viðhaldsstöðvar sem tilgreindar eru í grein JAR 145.75 (b), ef við á.
- (14) Skrá um þær línustöðvar sem tilgreindar eru í grein JAR 145.75 (d), ef við á.
- (b) Samþykki flugmálayfirvalda þarf fyrir starfsemislýsingu viðurkenndrar viðhaldsstöðvar sem og fyrir öllum síðari breytingum á henni.

JAR 145.75 Réttindi viðurkenndrar viðhaldsstöðvar

Viðurkenndri viðhaldsstöð er einungis heimilt að framkvæma eftirfarandi verk sem heimiluð eru í starfsemislýsingu hennar og eru í samræmi við hana.

- (a) Viðhalda sérhverju loftfari eða íhlut loftfars, sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, á þeim stöðum sem tilgreindir eru í viðurkenningarskírteininu.
- (b) Láta fara fram viðhald á loftfari eða íhlut loftfars sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, hjá annarri viðhaldsstöð sem er undir gæðaeftirliti viðurkenndu viðhaldsstöðvarinnar. Þessar viðhaldsstöðvar skulu vera skráðar í starfsemislýsingu hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar.
- (c) Viðhalda sérhverju loftfari, sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, hvar sem það er statt þegar þörf reynist á því viðhaldi og það stafar annaðhvort af því að loftfarið er ónothæft eða nauðsynlegt er að styrkja tilfallandi línuviðhald, að því tilskildu að slíkt sé skilgreint á fullnægjandi hátt fyrir hlutaðeigandi flugmálayfirvöldum og innfalið í starfsemislýsingu viðurkenndu viðhaldsstöðvarinnar.
- (d) Viðhalda sérhverju loftfari, sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, á stað sem skilgreindur er sem línustöð, þar sem unnt er að framkvæma minniháttar viðhald, en þó því aðeins að slík starfsemi sé heimiluð í starfsemislýsingu hinnar viðurkenndu viðhaldsstöðvar og stöðin sé þar skráð.
- (e) Gefa út viðhaldsvottorð vegna viðhalds sem greinar (a) til (d) ná til þegar viðhaldi er lokið samkvæmt grein JAR 145.50.

JAR 145.80 Takmarkanir á starfsemi viðurkenndrar viðhaldsstöðvar

Viðurkenndri viðhaldsstöð er einungis heimilt að viðhalda loftfari eða íhlut loftfars sem hún er viðurkennd til að annast viðhald á, þegar öll nauðsynleg aðstaða, tæki, verkfæri, efni, viðurkennd tæknigögn og viðhaldsvottar eru fyrir hendi.

JAR 145.85 Breytingar á viðurkenndri viðhaldsstöð

- (a) Viðurkenndri viðhaldsstöð ber að tilkynna flugmálayfirvöldum sérhverja eftirtalinna breytinga svo fljótt sem kostur er, þannig að flugmálayfirvöldum sé kleift að ákvarða

hvert áfram sé farið eftir kröfum þessum og breyta viðurkenningarskírteininu ef þess gerist þörf. Þetta gildir um:

- (1) Nafn stöðvarinnar.
 - (2) Aðsetur stöðvarinnar.
 - (3) Viðbótaraðsetur stöðvarinnar.
 - (4) Ábyrgan framkvæmdastjóra.
 - (5) Sérhvern yfirmann sem tilgreindur er í grein JAR 145.30 (a).
 - (6) Aðstöðu, tæki, verkfæri, efni, starfsreglur, verkswið og viðhaldsvotta sem gætu haft áhrif á viðurkenninguna.
- (b) Flugmálayfirvöld geta ákveðið með hvaða skilyrðum viðurkenndri viðhaldsstöð er heimilt að starfa meðan slíkar breytingar standa yfir nema þau ákveði að viðurkenningin skuli felld tímabundið úr gildi.

JAR 145.90 Áframhaldandi gildi viðurkenningar

Hafi viðurkenningu ekki verið afsalað, önnur komið í hennar stað, hún verið tímabundið felld niður, numin úr gildi eða er útrunnin vegna þess að komið er fram yfir einhvern gildistíma sem tilgreindur er í viðurkenningarskírteininu, þá heldur viðurkenning áfram gildi sínu sé eftirfarandi atriðum fullnægt:

- (a) Hin viðurkennda viðhaldsstöð fullnægi áfram ákvæðum krafna þessara og
- (b) flugmálayfirvöldum sé heimill aðgangur að hinni viðurkenndu viðhaldsstöð til að ganga úr skugga um að hún fullnægi enn kröfum þessum og
- (c) öll gjöld til flugmálayfirvalda séu í skilum.

JAR 145.95 Sambærilegt öryggi

Flugmálayfirvöld geta veitt viðurkenndri viðhaldsstöð undanþágu frá einstökum ákvæðum krafna þessara, séu þau sannfærð um nauðsyn þess, og geta bundið slíka undanþágu viðbótarskilyrðum sem þau telja nauðsynleg til að tryggja sambærilegt öryggi hverju sinni.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 22. ágúst 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, sem staðfest var 30. nóvember 1990.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á horni Hlíðarbrautar og Borgarbrautar breytist úr verndunarsvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Breyting þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 22. ágúst 1994.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.